

REGLUGERÐ

um ráðstafanir vegna flutnings saltaðrar og ísvarinnar síldar
af fjarlægum miðum sumarið 1968.

1. gr.

Síldarútvegsnefnd hefur á hendi framkvæmd á flutningi saltaðrar síldar af fjarlægum miðum til hafna á Íslandi sumarið 1968. Er nefndinni heimilt að taka á leigu allt að fimm flutningaskip í þessu skyni og gera aðrar þær ráðstafanir, er nauðsynlegar teljast, til þess að tryggja framgang flutninganna.

2. gr.

Kostnaður við rekstur flutningaskipa samkvæmt 1. gr., svo og allur annar kostnaður við flutningana greiðist úr flutningasjóði samkvæmt bráðabirgðalögum nr. 60/1968. Enn fremur skal greiða flutningastyrki samkvæmt þessari grein úr sama sjóði.

Greiða skal kr. 130.00 í flutningastyrk á fiskipakkaða tunnu, sem vegur a. m. k. um 90 kg nettó, til þeirra veiðiskipa og móðurskipa, sem flytja saltaða síld af fjarlægum miðum til íslenskra hafna, enda sé síldin viðurkennd, sem markaðshæf vara við skoðun í landi.

Úr flutningasjóði er heimilt að verja allt að 3 millj. króna til þess að styrkja flutninga á ísvarinni síld af fjarlægum miðum, eða varinni á annan hátt, sem söltunarhæf berst á land. Styrkurinn skal aðeins greiddur fyrir síld, sem veiðzt hefur fjær íslenskri höfn en 300 sjómíli, og skal vera kr. 60.00, fyrir hverja uppsaltaða tunnu. Fella skal niður alla flutningastyrki, þegar síldin er komin það nálægt, að hún geti borizt söltunarhæf að landi í veiðiskipum án ísunar.

3. gr.

Síldarútvegsnefnd veitir leyfi til söltunar um borð í veiðiskipum með þeim skilyrðum, sem hún telur nauðsynleg til þess að tryggja góða verkun og geymslu síldarinnar á hafi úti. Skal í hvívetna farið eftir þeim fyrirmælum um verkun, tegundir og þess háttar, sem nefndin kann að setja á hverjum tíma.

4. gr.

Hvern síldarfarm í flutningaskipi skal losa á 1—3 höfnum eftir atvikum. Skulu útgerðarmenn síldveiðiskipa hafa samþykkt löggilta söltunar- eða pökkunarstöð í landi, er þeir vilja skipta við á hverri losunarhöfn flutningaskips og tilkynnt þær skrifstofu Síldarútvegsnefndar með nægum fyrirvara. Sömuleiðis þarf að tilkynna samþykki móttökuaðila.

5. gr.

Síld, sem flutt er í flutningaskipi, er í eigu og ábyrgð útgerðar síldveiðiskips, þar til hún er yfirtekin af söltunar- eða pökkunarstöð í landi.

6. gr.

Merkja skal hverja fulla síldartunnu um borð í veiðiskipi með nafni skips og dagsetningu. Meðalvigt við yfirtöku í landi skal fundin með því að vigta upp úr tuttugustu hverri tunnu. Við yfirtöku skulu fulltrúar seljenda og kaupenda vera viðstaddir.

Reglugerð þessi er sett samkv. bráðabirgðalögum nr. 60 10. maí 1968, um ráðstafanir vegna flutninga sjósaltaðrar síldar af fjarlægum miðum sumarið 1968, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 2. ágúst 1968.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnlaugur E. Briem.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 80 23. marz 1966, um innheimtu umferðargjalds af bifreiðum og öðrum ökutækjum, sem aka um Reykjanesbraut.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Umferðargjald samkvæmt 1. gr. skal innheimt af Vegagerð ríkisins í gjaldstöð nálægt bænum Straumi, sunnan við Hafnarfjörð, af öllum ökutækjum á norðurleið.

2. gr.

1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Undanþegnar greiðslu umferðargjalds eru eftirlitsbifreiðar lögreglunnar, sjúkra-bifreiðar og slökkvibifreiðar, svo og þau ökutæki Vegagerðar ríkisins, sem vinna að viðhaldi Reykjanesbrautar, snjómokstri eða saltdreifingu.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 26. maí 1968.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 95. gr. vegalaga, nr. 71 30. desember 1963, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 16. maí 1968.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.